

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bolungarvíkurkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi snjóflóðavarna undir Traðarhyrnu.

Breytingin felur í sér að deiliskipulagssvæðið stækkar úr 23 ha í 24,7 ha. Breytingin er gerð í tengslum við gerð nýs snjóflóðavarnargarðs sem kemur austan við þann garð sem nú er í byggingu en sunnan við götuna Stigahlíð. Skipulagssvæðið nær að lóðamörkum Völusteinsstrætis 1 og 2a og Hjallastrætis 2. Deiliskipulagstillagan sýnir legu nýja snjóflóðavarnargarðsins, einnig legu göngustíga og annarra útivistarsvæða við hann. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við nýlega samþykkt aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslögin mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 27. maí 2011.

Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2011